

Forfatter: Þorkelsson, Ari

Titel: BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Þorkelsson, Ari (1729-08-22)

Citation: Þorkelsson, Ari: "BREV TIL: Magnússon, Arní FRA: Þorkelsson, Ari (1729-08-22)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 534.  
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000623.pdf> (tilgået 13. juli 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk dog altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARI ÞORKELSSON TIL ARNE MAGNUSSON. Haga d. 22. Augusty Anno 1729.

Trykt efter ikke egh. (med uøvet hånd skreven) orig. i AM. Access. 1. Beklager den modtagne efterretning om Københavns brand; han og hustru er sængeliggende og alderdomssvækkede. Sønnen Magnus' datter antager de sig og vil holde A. M. skadesløs, men ønsker hende sendt til Island. Indlagt er et dokument, hvorved gården Leyningur i Øfjord pantsættes til A. M. for gjorte udlæg.

Ved et andet brev af samme dato anmodes A. M. om at skaffe kgl. konfirmation på et indlagt arveledningsbrev, hvorved A. P. i henhold til norsk Lov (men i modsætning til islandsk lov) testamenterer sønndatteren Anna Magdalena halv arv efter faderen Magnus.

Vel Edla Herra Assessor, Elskuleige trigda vin, þienustusöm heilsan.

s. 535Jeg oska af heilumm hug, ad pessar fáar linur finne idur i lukulegustu velstande, sem jeg bid drottinn allsheri, ad sem leingst vid halldast meige. Þessu nærst paka eg idur firer elskulegt lilskrif mier skilvislega i hönd komid, med Vatneirar skipe, asamt þvi er þar innlagt var. þier minnest á þá bokakistu, i brefe idar, sem idur i firra send var, ad þad hafe til litils komid; og reikna eg þad firer litinn skada hiá þeim sorgar tidindumm, sem bæde idur og ödrumm þar til-falled hafa, hvad gud nádarsamlega ályte og bæte. Hvad minumm högumm vidvikur, kann eg idur ei so giörla fortelia, sem villde. Vid Astrydur min liggiumm bæde karlæg af margskonar sorg og heilsubrest, so allt þetta ár hef klæddur og afklæddur verid; og ad þvi leite eru önnur bágiende; þar med eckert ord edur nafn mitt giet skrifad, þo villde, sökumm afleises i höndonumm, edur firer brefe sagt, þo lyf ætte ad leisa. Gud gaf, gud af tok, sie hans nafn blessad eilyflega. Vik þvi til efnis Þessa brefs, sem er umm þad stulkubarn Anna Magdalena, ad eg vil þar öngvann efa á draga, ad hun sie oss so ná kominn, sem merkia má, og ei var þad min meining i neirn mata ad efa; villde eg þvi fátæka barne til góða giöra þad eg giæte, sem siá meiged á hier innlögduumm blöduumm, þvi þier eigned annad skiled, enn þad af mier stæde, ad þier þirftud mædu i lagasoknumm ad hafa firer idar peninga þessu efne vidvikiande. þar þier nefned umm documentid, þá er þad fullgiört, sem þier siáed, og i þetta bref innlagt; annann genpartinn medtok sislumadurinn Sr. Ormur Dadason; enn sá þridie er hia mier, og vona eg idar tilmælumm þessumm sie fullnægt. Hvad frammför barnsins vidvikur, bid eg gud idur ummbuna bestu launumm. þad þier avyked umm þá peninga, er Capteininum kunne til goda ad koma af hans launumm, er uppa idar forsiá sett, sem allt annad nu sem firr. þier viked á, ad ei mune vera til ad ættla, ad nokur kaupmadur þá ábird ad sier take, ad so ungt barn til Islands flitie; þar uppa svarast, ad dæme eru til, ad ingre börn hafa hiedann ur lande til Caupenhafnar og þadann hingad flutt verid; þad firra 7 vetra gamallt stulku barn ur nordur lande; og pillt barn atta vetra, sem nu er palldreingur á þingaire i Dyrafirde; og er ei minna til ættlande, effter þvi sem alldurinn er hærre, ef ei er þvi pastur-minna. Monsr. Petur Feddeson, kaupmadur á Billdudals eire, hefur þvi lofad þetta stulku barn hingad til landsins flitia sem hans hier innlögð handskrift auglyser, þvi eg treiste mier ei til henne þar frammar forsorgun veita helldur enn þetta ár; og þo eg villde, medann s. 536eg lifde, henne adstod veita, er mier þo hvör stund ad von kominn um mina burtför; þá er hennar velviliudumm, fátækum födur sistrumm ohægt so stora peninga á áre hvöriu ut ad leggja; enn adra er þar eke til ad nefna, sem nóg hafa ad giöra med sig og sitt; þiker ei ohægra ad henne hier i bærelegann samastad firerkoma, þo ei sie jafn bodinn þeim sem nu er. Enn, góde Herra, hvör munde kunna af þessu barne seigia, edur þvi adstod veita, ef idar skillde vid missa. Gud spare idur leinge og vel, og er þetta mijn einlæg og aludleg bon, ad þier villdu hid besta til siá, ad barned med Billdudalseirar skipe á nærst komande sumre (ef gud lofar) hingad til landsins komast mætte. Enda eg so þetta fáorda bref med stædstu velvirdingar bon á sier hvöriu þessu firrskrifudu; og skrifa eg þar umm færre sem idar herradóm betur freiste. Befel eg so idur og idar nadar rikre verndan drottins umm oli okominn æfe dægur, med minne skildugre kvediu sendingu til idar ásamt konu minnar i Jesu nafne.

En eg forblyf idar herradoms þienustu reidubuin vin og þienare medann life.

Are Thorkielsson.